

úr landssjóði. — Það vottast, að málsvörnin af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal vera óraskaður að því er snertir sveitarútsvar áfrýjanda fyrir árið 1906—07; en að öðru leyti er fógetaréttarúrskurðurinn úr gildi feldur.

Málskostnaður fellur niður.

Hinum skipaða málflutningsmanni hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálsfærslumanni Eggert Claesen, greiðist málflutningskaup úr landssjóði, að upphæð 20 kr. —

Nr. 9/1908:

Jakob Gunnlaugsson
gegn

Sigurði kaupmanni Jónssyni
fyrir hönd sildveiðifélagsins
»Aldan« á Seyðisfirði.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem höfðað hefir verið gegn stefnda sem formanni sildveiðafélagsins »Aldan« á Seyðisfirði, til innheimtu á skuld á hendur félagi þessu, hefi stefnan til yfirdómsins verið birt á skrifstofu verzlunarinnar »Framtíðin«, sem er eign stefnda, en óviðkomandi

síldveiðifélaginu »Aldan«. Félag þetta hefir enga sérstaka skrifstofu, og því hefir eigi verið lýst til verzlunarskrár, og var þá eigi heimild til að birta stefnuna annarstaðar en á lögheimili stefnda sjálfs, sbr N. L. 1—4—2 og lög nr. 42, 13. nóv. 1903, 34. gr. Með því að þetta hefir eigi verið gjört, verður samkvæmt kröfu stefnda, sem hefir mótmælt lögmati stefnubirtingarinnar, að vísa máli þessu frá yfirdóminum og dæma áfryjandann til að greiða stefnda í ómakslaun 10 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfryjandinn Jakob stórkaupmaður Gunnlaugsson í Kaupmannahöfn greiði stefnda Sigurði Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði í ómakslaun 10 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga aðför.